

Geðsjúkur maður sem fær ekki nauðsynlega hjálp:

# Barði mann til óbóta

**HEILBRIGÐISMÁL** Geðsjúkur maður, sem gert hefur verið að flytja úr húsnæði sínu og selja það, gekk í skrokk á manni og barði hann til óbóta. Árásin hefur verið kærð til lögreglu. Engin úrræði liggja á lausu fyrir sjúka manninn, sem hefur frelsissvipt fólk, ógnað því og unnið skemmdarverk á eigum þess.

Fréttablaðið hefur undanfarnar vikur fylgst með þremur einstak-

lingum sem öllum var gert að flytja úr húsnæði sínu vegna ónæðis sem af þeim stafaði vegna geðraskana þeirra. Tveir hafa fengið nokkra úrlausn sinna mála, báðir rétt áður en þeir áttu að flytja. Annar er nú vistaður á geðdeild, en félagsmálayfirvöld í Kópavogi útveguðu hinum húsnæði til bráðabirgða.

Sá þriðji átti að rýma húsnæði sitt 17. nóvember. Hann fór huldu

höfði um skeið. Síðan kom hann heim og lokaði sig þá inni. Aðfaranótt nýársdags réðist hann svo á mann, barði hann svo stórsá á og hótaði honum lífláti.

Geðhjálp hefur meðal annarra freistað þess að fá hann nauðungarvistaðan. Geðhjálp hefur margítrek að nauðsyn þess að opna geðdeild fyrir mikið veika einstaklinga, sem ekki geta fótáð sig í samfélaginu til lengri eða skemmri tíma. ■